

Beiðni um fjölgun stöðugilda á skrifstofu velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar

Hér með er óskað eftir heimild bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til þess að ráða verkefnastjóra í félagsþjónustu í 100% stöðugildi og ráðgjafa í barnavernd í 100% stöðugildi.

Í upphafi innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 var ráðinn verkefnastjóri sem skyldi leiða verkefnið af hálfu velferðarsviðs og skóla- og tómstundasviðs. Í áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir kr. 12.077.689 framlagi til verkefnisins. Því er skipt í hlutföllunum 40/60 á milli sviðanna, skóla- og tómstundasvið með herra hlutfallið. Innleiðingarferlinu er ætlað að vara út árið 2026. Ekki var gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda vegna málstjórnar eða umsýslu á velferðarsviði í innleiðingarferlinu en staðan skyldi metin við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

Deildarstjóri í málefnum fatlaðra, sem bókaður er í félagsþjónustu*, hefur tekið virkan þátt í innleiðingarferlinu með verkefnastjóra, áætlað var 25% hlutfall af stöðugildi deildarstjóra vegna verkefnisins. Þeirri viðbót skyldi mætt með aðkomu annars ráðgjafa í félagsþjónustu m.a. að ráðgjöf til fatlaðra, gerð umönnunarmata og fleiri verkefnum sem honum væru falin. Hér átti einungis að vera um tímabundna tilfærslu á verkefnum að ræða þar sem álag í félagsþjónustunni var ærið fyrir. Sviðsstjóri og aðrir deildarstjórar á sviðinu hafa einnig tekið þátt í innleiðingunni án sérstaks mats á hlutfalli af stöðugildi.

Helstu ástæður fyrir beiðni um ný stöðugildi ráðgjafa og verkefnastjóra eru mikil aukning á umsýslu barnaverndarstarfsmanna og sviðsstjóra sem fylgir samningi um Velferðarþjónustu Vestfjarða og hins vegar fjöldi mála og umsýsla vegna innleiðingar fyrrgreindra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá hefur fyrrgreint einnig haft aukna vinnu í för með sér fyrir deildarstjóra og ráðgjafa í félagsþjónustu. Þetta eru veigamikil atriði sem ekki lágu fyrir í upphafi innleiðingarferlisins.

Ekki var ráðinn ráðgjafi í 40% starfshlutfall á grundvelli samnings um samræmda móttöku flóttafólks, enda ekki ljóst í upphafi að um margra ára ferli væri að ræða í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðuneytið. Framlag ráðuneytisins til Ísafjarðarbæjar eru um 870.000,- á mánuði. Þessi upphæð mun lækka eitthvað þar sem samningur um móttöku flóttafólks fer úr fjörutíu manns í þrjátíu. Í dag er samningurinn fullnýttur.

Mörg sveitarfélög fóru þá leið að ráða strax málstjóra í samþættingu en hér var farin sú leið að meta fyrst þörfina og leggja fyrir bæjarstjórn, kæmi til þess að fjölga þyrfti stöðugildum. Það hefur raungerst fyrr en áætlað var, rétt eins og önnur sveitarfélög hafa ekki farið varhluta af.

Eins og staðan er í dag eru samþættingarmál flest í fötlunarþjónustu, þá barnaverndarþjónustu og að lokum samþættingu mála í félagsþjónustu. Fæst samþættingarmál eru í félagsþjónustunni, enn sem komið er, en gert er ráð fyrir að þeim

fjölgi á næstu mánuðum. Mikilvægt er að hafa í huga að samþætting mála barna í samræmdri móttöku flóttafólks er skilyrt. Mála fjöldi í félagsþjónustu hefur vaxið undanfarin ár og sem dæmi voru um 150 mál stofnuð í félagsþjónustunni í janúar 2026. Þess ber þó að geta að í einhverjum tilfellum var verið að endurnýja umsóknir en það breytir þó ekki því að umsýslan er veruleg.

Tafla 1

	Barnaverndarþjónu sta	Málefni fatlaðra	Félagsþjónu sta	Samtal s
	3. stig	2. stig	2. stig	
Mál í könnun	31			
Mál í vinnslu	18			
Mál með málstjóra	11	24	5	40
Mál sem fá málstjóra	10	3	11	24
				64

Fjöldi samþættingarmála á velferðarsviði í nóvember 2025

Í dag eru 40 mál með málstjóra í vinnslu á velferðarsviði en áætlað að þeim fjölgi í 64 mál á næstu mánuðum. Þá er gert ráð fyrir að mál færist á önnur stig, frá 3. stigi á 2. stig og þaðan á 1. stig sem er þá orðið að máli með tengilið til vinnslu í skóla eða á heilbrigðissviði, eða að málum verði lokað. Miðað við stöðuna í dag má ætla að jafnaðarfjöldi mála með málstjóra verði á milli 40 og 50.

Almennt mat á fjölda mála sem hver málstjóri getur sinnt eru 30, að jafnaði. Sé miðað við áætlaðan fjölda mála með málstjóra þá standa eftir 10 til 20 mál sem deildarstjórar, ráðgjafar og eftir atvikum verkefnastjóri á velferðarsviði munu sinna, enda nauðsynlegt í vissum tilvikum að sá aðili sem kemur beint að vinnu í barnavernd, málefnum fatlaðra eða félagsþjónustu annist málstjórn. Fáist heimild fyrir ráðningu tveggja stöðugilda, ráðgjafa og verkefnastjóra, munu þeir vinna þvert á deildir velferðarsviðs og í miklum tengslum og samvinnu við aðstandendur barna, skóla og heilbrigðiskerfi. Næstu yfirmenn starfsmannanna yrðu deildarstjórar í barnavernd og málefnum fatlaðra. Starfsmenn velferðarsviðs þurfa, eftir atvikum, að koma inn á fundi barnaverndarteymis Velferðarþjónustu Vestfjarða (VV) og félagsmálarteymis. Þau teymi funda vikulega. Þá má gera ráð fyrir að ráðgjafarnir sitji fundi barnageðteymis og geðteymis fullorðinna á Heilbrigðisstofnun. Jafnframt er töluvert utnumhald með skráningu mála og skráningum á samskiptum við aðstandendur og fagfólk sem sitja í teyminum.

Að lokum má nefna að ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald á framlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna innleiðingar farsældarlaga, þó eftir því hafi verið kallað, og því má gera ráð fyrir að verkefnastjóri láti af störfum fyrir Ísafjarðarbæ í lok árs 2025. Eftir stendur að afstöðu þarf að taka til framhaldsins, þ.e. hvernig verði haldið utan um málstjórn þannig að heildarsýn haldist og samvinna vegna farsældarinnar sé tryggð.

Hugmyndin er að sérstakt farsældarteymi, skipað af fulltrúum frá velferðarsviði og skóla- og tólmstundasviði taki allar umsóknir um samþættingu fyrir og meti þær. Þá geti

teymið sagt fyrir um á hvaða stigi haldið verði utan um samþættinguna, þ.e. hvort málið fái tengilið eða málstjóra. Teymið mun jafnframt meta stöðu mála í vinnslu og ákvarða um hvort mál haldi áfram á fyrsta stigi eða færist yfir á annað stig. Velferðarteymi (barnaverndarþjónusta)

Nefndir og teymi sem fylgt hafa erindisbréfum, lagabreytingum og samningum um barnaverndar- félags- og fötlunarþjónustu:

Tafla 2

Nefndir og ráð		
	Ísafjarðarbær	Velferðarþjónusta Vestfjarða
Á ári		
Velferðarnefnd	12	
Öldungaráð	3	
Notendaráð í málefnum fatlaðra		3
Færni og heilsumatsnefnd	12	
Fulltrúaráð VV		2
Framkvæmdaráð VV		6
Farsældarráð Vestfjarða		2

Málavog í barnavernd

Barna- og fjölskyldustofa (Bofs) annast umsýslu með málavog í barnavernd. Málavogin á rætur sínar að rekja til Svíþjóðar. Í nóvember 2025 fóru starfsmenn í barnavernd á velferðarsviði í gegnum slíkt mat með starfsmanni frá Bofs.

Tafla 3

	Málavog í barnavernd			
	Matsviðmið	Rauntölur	Mismunur	%
Deildarstjóri	150	187	-37	24*
Ráðgjafi	138	212	-74	65**
	288	399	-111	72
* ómetin er deildarstjórn, farsældarvinna, leiðandi sveitarfélag, ráðgjöf til aðildarsveitarfélaga				
** ómetin er farsældarvinna, leiðandi sveitarfélag, ráðgjöf til aðildarsveitarfélaga				

Niðurstöður málavogar voru að starf deildarstjóra var metið til 187 stiga en starf ráðgjafa var metið til 212 stiga. Samtals eru þetta 399 stig sem jafngilda 2,66 stöðugildum.

Matsviðmið gerir ráð fyrir að hámarki 150 stigum fyrir ráðgjafa í 100% starfi með meira en fimm ára starfsreynslu. Það á hér við um deildarstjórnann en samkvæmt matsviðmiði ætti ráðgjafinn að vera með að hámarki 138 stig. Þess ber að geta að deildarstjórnin sem slík er ekki metin inn í viðmiðið og því er óhætt að gera ráð fyrir nokkurri hækkun á deildarstjórnann. Þá er ótalin vinnan sem tengist farsældinni og ekki síður vinnan sem tengist

leiðandi vinnu í barnaverndarþjónustu á grundvelli Velferðarþjónustu Vestfjarða. Mat undirritaðrar og deildarstjóra er að varlega mætti áætla um 20-25% hækkun á stöðugildi í deildarstjórn vegna framangreinds. Niðurstöðurnar sýna óyggjandi það sem reyndar hefur verið vitneskja um að álag á starfsmenn er óásættanlegt og við því verður að bregðast sem fyrst.

Helstu verkefni deildarstjóra í barnavernd, utan beinnar vinnu við barnaverndarmál eru:

- samvinna og verkefnastýring vegna undirmanna (ráðgjafi, tilsjón, persónulegir ráðgjafar)
- upplýsingagjöf til Barna- og fjölskyldustofu, þ.e. mánaðarleg sískráning mála á Vestfjörðum og ársskýrsla barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum, sem og önnur mál sem Bofs óskar upplýsinga um. Jafnframt mánaðarleg skil vegna sískráningar mála í samþættri þjónustu fyrir Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp.
- Gerð fjárhagsáætlunar í samvinnu við sviðsstjóra.
- Mánaðarleg yfirferð, frágangur og skil á gögnum til launadeildar.
- Ábyrgð á mótun verkferla, starfsáætlana, endurskoðunar á reglum og þátttaka í stefnumótun.
- Skráning á útseldri vinnu til annarra sveitarfélaga.
- Umsjón með fræðslu um barnavernd til annarra stofnana, félaga og samtaka sem vinna með börnum.
- Umsjón og samskipti við 112-Bjargir vegna bakvakta í barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum.
- Samskipti við Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála vegna skráningar á heimsóknum til fósturheimila.
- Samþykkt reikninga og mál sem snúa að málaflokknum í gegnum Business Central.

Tafla 4

Virkir samskiptaaðilar við barnaverndarþjónustu	
	Ári
Barnaverndarteymi WV	52
Barnageðteymi	12
Fundir með Bofs	12
Fundir með BUGL	8
Nemendaverndarráð, 6 skólar	12
Víkulegir fundir með lögreglu	52
Teymisfundir í farsæld	132
Innleiðing á Signs of Safety	12

Félagsþjónusta – engin málavog

Því miður er ekki til málavog í félagsþjónustu en það hefur verið í umræðu til margra ára að búa hana til. Breytingar í félagsþjónustu hafa verið umtalsverðar undanfarin ár en það

sem helst hefur valdið auknu álagi er breyting á lögum um almannatryggingar sem hefur breytt og aukið hlutverk félagsþjónustu s.s. gerð og utanumhald með endurhæfingaráætlunum vegna umsókna um endurhæfingarlífeyri og/eða örorku, þjónustuaukning vegna flóttafólks, breyting á vinnulagi og skráningu vegna laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hlutverk Ísafjarðarbæjar sem leiðandi sveitarfélag. Þá er ótalin öll félagsráðgjöf sem veitt er með reglulegum hætti í öllum félagsþjónustumálum. Í einstaka tilfellum geta færslur í málum einstaklinga numið allt að 300 á ári. Meðal málafjöldi í fullnaðarafgreiðslu á velferðarsviði er 55 í hverjum mánuði.

Deildarstjóri í félagsþjónustu er yfirmaður tveggja ráðgjafa í félagsþjónustu, forstöðumanns í stuðningsþjónustu og öldrunarfulltrúa. Hann ber einnig í stórum dráttum ábyrgð á sömu eða sambærilegum málaflokkum sem taldir eru upp hér að ofan og heyra undir deildarstjórn. Deildarstjóri er mjög oft í afleysingum þegar forstöðumenn eru frá vegna veikinda og/eða orlofs. Það varðar að mestu matarþjónustu, útkeyrslu á mat og umsjón með ferliþjónustu. Þess ber einnig að geta að þegar móttökuritari hætti störfum bættust verkefni sem hún hafði haft með höndum á aðra starfsmenn á velferðarsviði.

Deildarstjóri í málefnum fatlaðra hefur unnið mikið starf með verkefnastjóra innleiðingar farsældarlaganna en jafnframt sinnt sínum starfsskyldum í ráðgjöf og samvinnu við fötluð börn, fatlaða fullorðna og aðstandendur. Deildarstjórinn er yfirmaður forstöðumanns í búsetu og forstöðumanns í Hvestu og skammtímavistun. Ábyrgð deildarstjóra er með sama hætti og ábyrgð deildarstjóra í barnaverndarþjónustu og deildarstjóra í félagsþjónustu. Deildarstjóri er jafnframt starfsmaður notendaráðs fatlaðra á Vestfjörðum og yrði yfirmaður verkefnastjóra á velferðarsviði.

Tafla 5

Virkir samskiptaaðilar við félagsþjónustu	
	Ári
Félagsþjónustuteymi	52
Vinnumálastofnun	12
Samræmd móttaka flóttafólks, annað	24
Samhæfingarteymi (TR)	10
Teymisfundir í farsæld	96
Vesturafli/fjölsmiðja	8
Starfsendurhæfing Vestfjarða	8
Hlíf - samráðsf. í þjónustu heimabj. félagsst.dagd.	24
Samráð með heimahjúkrun	12

Tafla 6

Aðrir samstarfsaðilar félagsþjónustu
TR
Sjúkratryggingar
Lífeyrissjóðir
Stéttarfélög
Heilbrigðisstofnanir/Landspítali
Gæðheilsuteymi

Hlutverk nýrra starfsmanna

Áætlað er að nýr ráðgjafi í barnaverndarþjónustu fengi sömu starfslýsingu og núverandi ráðgjafi, þ.e. umsýsla, skráning, vinnsla, undirbúningur og ritun teymisfunda ásamt málstjórn. Mikil samvinna við börn, aðstandendur og aðrar stofnanir vegna vinnslu mála. Næsti yfirmaður yrði deildarstjóri í barnavernd, eins og áður hefur komið fram.

Áætlað er að verkefnastjóri í félagsþjónustu fengi nýja starfslýsingu þar sem fram kæmi eftirlit og stýring á málum í samþættingu, samskipti og samvinna við önnur sveitarfélög s.s. í farsældarráði. Eftirlit með stuðningsáætlunum, verkefnum málstjóra og samstarfi við önnur kerfi. Jafnframt leiddi verkefnastjóri vinnu farsældarráðs sem afgreiðir beiðnir um samþættingu og kæmi þeim í réttan farveg. Þá væri verkefnastjóri einnig starfsmaður í málefnum fatlaðra s.s. samvinnu við fötluð börn, aðstandendur, gerð umönnunarmata og fleira í samvinnu við aðstandendur og deildarstjóra.

Kostnaður:

Árslaun ráðgjafa/verkefnastjóra, hvors fyrir sig, eru áætluð um 13 milljónir á ári með launatengdum gjöldum. Af þeirri upphæð má gera ráð fyrir að 20-25% af öðru stöðugildinu falli sem kostnaður á velferðarþjónustu Vestfjarða vegna málstjórnar og umsýslu í málefnum fatlaðra barna og barnaverndarþjónustu. Þá mun einnig verða gert ráð fyrir hækkun á kostnaði hjá Súðavíkurbreppi vegna samnings um velferðarþjónustu, sem og Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurbreppi vegna samnings um vinnslu barnaverndarmála. Nú þegar eru framlög frá Jöfnunarsjóði, sem og vegna útsvarshluta, greidd Ísafjarðarbæ í útreiknuðum hlutföllum á grundvelli mannfjölda.

Virðingarfyllt,

Margrét Geirsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar